

AUGLÝSING

8

17. febr.

um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 9360000.00 miðað við smásöluverð.

2. gr.

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 360.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 30.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1960.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febr. 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsingin um sama efni nr. 43 21. marz 1957.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1960.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

9

19. febr.

um breyting á brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 144 11. júní 1953.

1. gr.

Aftan við 4. málslið 2. mgr. 10. gr. bætist orðin:

og má þá víkja frá framangreindu aldurshámarki, ef sérstök ástæða þykir til, en þó aldrei yfir aldurshámak 40 ár.

Breyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 1. apríl 1948, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.